

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 581 3377, Fax +354 588 8848, isi@toto.is, www.toto.is/isi



Alþingi
Erindi nr. P 125/1179
komudagur 23. 3. 2000

Reykjavík 17 mars 2000

Alþingi
c/o Menntamálanefnd
150 Reykjavík

Virðulega menntamálanefnd


Framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika, 292 mál.

Á fundi framkvæmdastjórnar 16 mars s.l. var málið tekið til meðferðar. Mismunandi sjónarmið komu fram en mikill meirihluti stjórnarinnar var efnislega sammála svohljóðandi ályktun, sem að lokum var samþykkt samhljóða:

1. Athygli er vakin á því, að frá því að lög um bann við hnefaleika voru sett árið 1956, hafa hnefaleikar tekið miklum breytingum og aðskildir hafa verið annarsvegar atvinnuhnefaleikar og hinsvegar olympískir hnefaleikar.
2. Olympískir hnefaleikar eru viðurkennd íþróttgrein af Alþjóðaolympíunefndinni og í þeirri íþrótt keppt á Olympíuleikum og öllum vestrænum löndum.
3. Samkvæmt Íþróttalögum nr. 64 frá 1998 er Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands æðsti aðila frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og verður að teljast eðlilegt að ÍSÍ taki um það ákvarðanir hvort og hvað íþróttgreinar eru löglegar og leyfðar í hinni frjálsu íþróttastarfsemi.
4. Ólympískir hnefaleikar eru ekki skaðlegri heldur en margar aðrar íþróttir, ef litið er til meiðsla og slysa vegna íþróttaiðkunar. Í landinu eru stundaðar ýmsar aðrar íþróttgreinar, s.s. tae kwondo, karate og júdó, (sem allar hafa verið samþykktar og iðkaðar síðan bann við hnefaleikum var sett) sem allar fela í sér bardaga og átök milli tveggja keppenda, líkt og í hnefaleikum. Vísast jafnframt til hjálagðrar greinagerðar frá heilbrigðisráði ÍSÍ.

ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDAN
Öflugur stuðningur við afreksíþróttir

Með vísan til ofangreindra raka, mælir framkvæmdastjórn ÍSÍ með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Ellert B Schram
Forseti ÍSÍ

hjálgð greinagerð heilbrigðisráðs

Heilbrigðisráð ÍSí

23. mars, 2000

Forseti og
Framkvæmdastjórn ÍSí

Beðið er um umsögn um lagafrumvarp sem liggur fyrir alþingi um að leyfa aftur keppni í hnefaleikaum og mögulega hættu við að iðka þessa íþrótt.

Hættumat í hnefaleikum verður ekki slitið úr samhengi við slys í öðrum greinum íþróttta. Heildaryfirlit er ekki til staðar yfir slyshættu í íþróttum en við lauslega athugun má benda á annan tug almennings/keppnisíþróttta þar sem hafa orðið dauðaslys erlendis sem og hérlendis, fyrir utan þau slys sem geta krafist sjúkrahúsvistar.

Hnefaleikar eru a.m.k. tvennskonar, þ.e. "ólympískir" hnefaleikar og atvinnuhnefaleikar. Í báðum greinum er keppt með hönskum af sömu gerð hvað snertir þunga og fóðrun. Lotur eru 3 mínútur í báðum greinum. Í ólympískum hnefaleikum eru loturnar aðeins þrjár og ætíð er keppt með höfuðbúnaði sem ver höfuðið höggum. Í atvinnuhnefaleikum er hins vegar keppt í allt að 12 lotum og engar höfuðvarnir eru notaðar. Áhættan er því gerólík.

Slys eru þekkt í atvinnuhnefaleikum en við höfum aldrei heyrt um slíkt í ólympískum hnefaleikum. Atvinnuhnefaleikar eru aðeins stundaðar í fáum löndum en okkur er ekki kunnugt um formlegt bann neins staðar. Við teljum hins vegar að leit yrði að því landi þar sem ólympískir hnefaleikar séu bannaðir.

Svo virðist sem ólympískir hnefaleikar hafi verið bannaðir hér vegna hættu í atvinnuhnefaleikum, sem aldrei hefði staðið til að hefja hér. Ef banna ætti þær greinar íþróttta þar sem alvarleg slys hafa orðið, hefði þurft að byrja á mörgum öðrum eins og vísað er til að ofan.

Heilbrigðisráð telur að bannið á sínum tíma hafi ekki verið byggt á rökum og styður að bann verði afnumið.

Virðingarfyllt

Birgir Guðjónsson læknir FACP, FRCP
Formaður

Birgir Guðjónsson læknir FACP, FRCP

Form. Laga- og tækninefndar FRÍ
Meðl. Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ
Form. Læknaráðs ÓÍ
Form. Laganefndar ÍSÍ

Álftamýri 51
108 Reykjavík
s. 5682005

Læknastöðin
Álfheimum 74
104 Reykjavík
s. 5686311
Fax 5686305

31. október, 1995.

Hr. íþróttafulltrúi
Reynir Karlsson

Ágæti samherji

Beðið er um umsögn á hættu við iðkun hnefaleika vegna tilmæla um að leyfa aftur keppni. Hættumat í hnefaleikum verður ekki slitið úr samhengi við hættumat og slys í öðrum greinum íþróttá, en heildaryfirlit hef ég ekki yfir slyshættu í íþróttum.

Undanfarið hafa fregnir borist utan úr heimi af dauðaslysum í atvinnuhnefaleikum en einnig úr öðrum greinum íþróttá svo sem kappakstri, hjólreiðum og bruni á skíðum. Dauðaslys eru vel þekkt hér á landi við hestamennsku, snjósleðaíþróttir og sund. Einn íslenskur keppandi létst í rallakstri erlendis og fullorðinn maður varð bráðkvaddur í maraþonhlaupi hér fyrir örfáum árum.

Hnefaleikar eru a.m.k. tvennskonar, þ.e. "ólympískir" hnefaleikar og atvinnuhnefaleikar. Í báðum greinum er keppt með hönskum af sömu gerð hvað snertir þunga og fóðrun. Lotur eru 3 mínútur í báðum greinum. Í ólympískum hnefaleikum eru loturnar aðeins þrjár og ætíð er keppt með höfuðbúnaði sem ver höfuðið höggum. Í atvinnuhnefaleikum er hins vegar keppt í allt að 12 lotum og engar höfuðvarnir eru notaðar. Áhættan er því gerólík.

Slys eru þekkt í atvinnuhnefaleikum en ég hef aldrei heyrt um slíkt í ólympískum hnefaleikum. Atvinnuhnefaleikar eru aðeins stundaðar í fáum löndum en mér er ekki kunnugt um formlegt bann neins staðar. Ég tel hins vegar að leit yrði að því landi þar sem ólympískir hnefaleikar séu bannaðir.

Svo virðist sem ólympískir hnefaleikar hafi verið bannaðir hér vegna hættu í atvinnuhnefaleikum, sem aldrei hefði staðið til að hefja hér. Ef banna ætti þær greinar íþróttá þar sem alvarlega slys hafa orðið hefði þurft að byrja á öðrum eins og vísað er til að ofan.

Ég tel að bannið á sínum tíma hafi ekki verið byggt á rökum og hefði barist gegn því.

Með bestu kveðjum

Birgir Guðjónsson

Aths feb. 2000

Frjársar, knattspyrna, skíði, sund, vélsleðar, fjallaklifur, hestamennska, handbolli, skotveiðar, hjólreiðar, mótorsport, köfun, fallhlífastökk, svifdrekar.

Íþróttalög.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.

Lögin taka ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva.

2. gr.

Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþróttanna í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði íþróttamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, en í henni eiga fimm menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tillögu íþróttakennara-skorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndin er skipuð til fjög-urra ára í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk íþróttanefndar er að veita menntamálaráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. 8. gr.

5. gr.

Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsu framtaki landsmanna.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands eru sjálfstæð félaga-samtök á sviði íþróttanna.

6. gr.

Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

7. gr.

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

8. gr.

Alþingi veitir árlega fé í Íþróttasjóð til eflingar íþróttum í landinu. Íþróttanefnd hefur umsjón með Íþróttasjóði og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr sjóðnum, sbr. 4. gr.

Framlög úr Íþróttasjóði má veita til:

1. sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar,
2. útbreiðslu- og fræðsluverkefna,
3. íþróttarannsóknna,
4. verkefna skv. 13. gr. laga þessara.

Óheimilt er að skuldbinda Íþróttasjóð til framlaga umfram það sem árlegt ráðstöfunarfé hans leyfir.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum íþróttanefndar, má kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði og hvernig umsóknum og úthlutun skuli hagað.

9. gr.

Um styrki úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka íþróttafólks fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

10. gr.

Um tekjuöflun íþróttasamtaka með getraunastarfsemi er mælt í sérstökum lögum um þau efni.

11. gr.

Í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins skulu íþróttir kenndar og iðkaðar svo sem nánar er kveðið á um í lögum, reglugerðum og námskrám sem um þá skóla gilda.

Öll börn á landinu skulu læra sund nema þau séu talin ófær til þess að mati læknis.

12. gr.

Ríkið starfrækir menntastofnun sem annast menntun íþróttakennara samkvæmt lagaákvæðum um þá starfsemi.

13. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi er háð fjárveitingum í fjárlögum.

14. gr.

Menntamálaráðherra hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttáhöld og annan búnað.

15. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi íþróttalög, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Björn Bjarnason.